

17. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til váttryggingarfjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld þessi lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1885.

Bæjarstjórn sker úr meiri háttar ágreiningi sem rísa kann um álagningu og innheimtu samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Dalvíkurkaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 og nr. 31/1975 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 29. október 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

Nr. 393.

4. nóvember 1976.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 131 21. apríl 1976.

1. gr.

2. mgr. 9. gr. hljóði þannig:

Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Ársvextir verði hinir sömu og eru á hverjum tíma hjá Bygðasjóði og greiðist eftir á, á sömu gjalddögum.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Blönduóshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51. 16. maí 1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 4. nóvember 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

Nr. 394.

4. nóvember 1976.

REGLUGERÐ

um holræsi og holræsagjöld í Neshreppi utan Ennis.

1. gr.

Hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis tekur ákvörðun samkvæmt skipulagi um lagningu holræsa, aðalæða og götuæða.

2. gr.

Þar sem holræsi hefur verið lagt í veg, götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun holræsa, er þeim húseigendum,

er þar eiga húseignir að eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu er flytji allt skólp frá því út í aðalræsið. Sé um óeðlilega vegalengd að ræða, skal sveitarsjóður leggja til rör frá lóðarmörkum, en húseigandi greiði kostnað við lög.

3. gr.

Öll framkvæmdastörf, sem holræsakerfi sveitarfélagsins varða, svo sem nýlagnir, viðhald og endurbætur skulu unnin af aðila er hreppsnefnd felur þau. Er óheimilt að leggja ræsi í aðalræsið, nema að fengnu leyfi þessa aðila og undir umsjón hans, er mönnum og skylt að hlíta í öllu fyrirmælum hans, um gerð og lög ræsisins og annað þess háttar, er máli skiptir í sambandi við það.

4. gr.

Kostnaður við holræsagerð hreppsins greiðist úr sveitarsjóði. Til þess að standa straum af kostnaði skal hver húseigandi greiða sveitarsjóði tengigjald, er hann tengir hús sitt holræsakerfi hreppsins. Tengigjald þetta ákveður hreppsnefnd árlega. Tengigjald skal greitt eða um það samið áður en tengingin við aðalræsið er leyfð.

Þá skal og hver húseigandi greiða árlegt holræsagjald í sveitarsjóð, er nemi 0.1% af fasteignamati húss og lóðar þó aldrei lægra en kr. 2 000.00.

Heimilt er hreppsnefnd að hækka eða lækka gjöld skv. þessari grein um allt að 50 af hundraði, án sérstaks samþykkis ráðuneytis.

5. gr.

Húseigendum ber að greiða holræsagjaldið og bera þeir einir ábyrgð á greiðslu þess. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með lögveði í fasteigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði að aðfararveði. Gjaldddagi holræsagjalda er 15. janúar ár hvert.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 10 000.00 nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 4. nóvember 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um gatnagerðargjöld B í Akraneskaupstað.

1. gr.

6. gr. orðist svo:

Næstu 8 árin frá staðfestingu þessarar reglugerðar skal bæjarstjórn hafa heimild til lækkunar á gjöldum, er hún tekur til, um allt að 50%, í þeim hluta bæjarins, sem eðlilegt getur talist, miðað við fyrri gatnagerðarframkvæmdir bæjarins.